



1, 12.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
RITSTJÓRI.

Nóv. 1906.

VETUR.

Nú er hann þá kominn aftur, karlinn hann Vetur, og er í gráu úlpunni sinni og helaður um vitin að vandá. Hann er með engan ólundar-svip, heldur hýr og kátur eins og krakki.

Gáskafenginn getur hann líka verið eins og krakki. Tekst hann þá í loft upp og hristir sig allan. Þá þykir ykkur gaman að gamla mannum, þegar hann hristir af sér í allar áttir fannvítu fjaðrirnar. Og þegar fjaðra-fokið verður svo mikið, að loftið eins og fyllist og ekkert sést nema það hátt og lágt, — þá er ykkur skemt. — Fullorðna fólkíð segir, að úti sé þá skæðadrífa eða lappa-drífa.

Og út hlaupið þið í fangið á gráa karlinum. Og eruð ekki vitund hrædd, þó hann hristi sig. Enda fagnar hann ykkur. Dreifir á ykkur hvítu rósunum sínum. Setur rós við rós um ykkur allsstaðar—í hárið og á hökuna og á kinnarnar—jafnvel á nefið — og kyssir ykkur stóran koss, gamli maðurinn. Og þið breiðið hendurnar fagnandi út á móti öllum gjöfunum hans.

Svo breiðir hann hvíta línið sitt á jörðina fyrir fætur ykkar, eins og stundum er gert fyrir brúðhjón, þegar þau eru að fara í kirkju og mikið er haft við. Hann vill, að það sé hreint þar sem þið gangið. Ekki neitt ljótt á að vera á vegi ykkar. Hann breiðir yfir það. Hann vill, að hið fagra að eins setji merki sín í sálir ykkar; því þær eiga að vera hreinar og elska að eins